

**FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR  
(ESB) 2019/2212****2022/EES/63/16****frá 20. desember 2019**

**um tilraunaverkefni til að koma til framkvæmda tilteknum ákvæðum um samvinnu á sviði stjórnsýslu, sem sett eru fram í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/2394 um samvinnu milli yfirvalda sem bera ábyrgð á að framfylgja lögum um neytendavernd, með því að nota upplýsingakerfið fyrir innri markaðinn (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1024/2012 frá 25. október 2012 um samvinnu á sviði stjórnsýslu fyrir tilstilli upplýsingakerfisins fyrir innri markaðinn og niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/49/EB („reglugerðin um IM-upplýsingakerfið“) (1), einkum 1. mgr. 4. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Upplýsingakerfið fyrir innri markaðinn (hér á eftir nefnt „IM-upplýsingakerfið“) sem komið var á fót með reglugerð (ESB) nr. 1024/2012 er hugbúnaður sem er aðgengilegur á netinu og sem framkvæmdastjórnin þróaði í samstarfi við aðildarríkin til þess að hjálpa aðildarríkjunum við að uppfylla kröfur um upplýsingaskipti í gerðum Sambandsins, með því að koma á miðlægri boðskiptaleið til að auðvelda upplýsingaskipti og gagnkvæma aðstoð yfir landamæri.
- 2) Með 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1024/2012 er framkvæmdastjórninni gert kleift að framkvæma tilraunaverkefni til að meta skilvirkni IM-upplýsingakerfisins við framkvæmd ákvæða um samvinnu á sviði stjórnsýslu í lagagerðum Sambandsins, sem eru ekki skráð í viðaukanum við þá reglugerð.
- 3) Í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/2394 (2) er mælt fyrir um þau skilyrði sem lögbær yfirvöld sem bera ábyrgð á framfylgd laga um neytendavernd í Sambandinu skulu fara eftir við samstarf og samræmingu aðgerða sín á milli og með framkvæmdastjórninni. Í 35. gr. þeirrar reglugerðar er þess krafist að framkvæmdastjórnin komi á fót og haldi úti rafrænum gagnagrunni fyrir öll samskipti milli lögbærra yfirvalda, miðlægra tengiskrifstofa og framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt þeirri reglugerð. Þar er þess einnig krafist að allar upplýsingar frá aðilum sem gefa út utanaðkomandi viðvaranir skv. 27. gr. þeirrar reglugerðar skulu geymdar og unnar í þeim rafræna gagnagrunni. Að auki er kveðið á um það í 3. mgr. 23. gr. þeirrar reglugerðar að Evrópska bankaeftirlitsstofnunin geti gerst áheyrnarfulltrúi í tilteknum tilvikum og að Evrópska bankaeftirlitsstofnunin ætti því að geta farið inn í rafræna gagnagrunninn í þeim tilvikum til að geta fylgst með viðeigandi samskiptum.
- 4) Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/2213 (3) sem mælir fyrir um hagnýtt og rekstrarlegt fyrirkomulag að því er varðar starfsemi rafræna gagnagrunnsins sem komið er á fót samkvæmt reglugerð (ESB) 2017/2394, með tilliti til samskipta samkvæmt tilteknum ákvæðum þeirrar reglugerðar. IM-upplýsingakerfið gæti verið skilvirkt tæki við framkvæmd ákvæðanna um samvinnu á sviði stjórnsýslu sem falla undir gildissvið framkvæmdarákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/2213. Þessi ákvæði ættu því að vera viðfang tilraunaverkefnis skv. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1024/2012.

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 332, 23.12.2019, bls. 159. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 124/2021 frá 19. mars 2021 um breytingu á XIX. viðauka (Neytendavernd) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjtið. ESB L 316, 14.11.2012, bls. 1.

(2) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/2394 frá 12. desember 2017 um samvinnu milli landsyfirvalda sem bera ábyrgð á að framfylgja lögum um neytendavernd og um niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 2006/2004 (Stjtið. ESB L 345, 27.12.2017, bls. 1).

(3) Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/2213 frá 20. desember 2019 um hagnýtt og rekstrarlegt fyrirkomulag að því er varðar starfsemi rafræna gagnagrunnsins sem komið er á fót samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/2394 með tilliti til tiltekinna samskipta samkvæmt þeirri reglugerð (Stjtið. ESB L 332, 23.12.2019, bls. 163).

- 5) Í reglugerð (ESB) 2017/2394 eru skilgreiningar á mismunandi aðilum sem bera ábyrgð á beitingu ákvæðanna um samvinnu á sviði stjórnsýslu sem mælt er fyrir um í þeirri reglugerð. Til að tryggja skilvirka beitingu þeirra ákvæða ætti að líta á þessa aðila sem aðila að IM-upplýsingakerfinu að því er varðar tilraunaverkefnið.
- 6) IM-upplýsingakerfið ætti að gefa kost á tæknilegum aðgerðum sem gera lögbærum yfirvöldum, miðlægum tengiskrifstofum, framkvæmdastjórninni og öðrum aðilum kleift að uppfylla skyldur sínar samkvæmt reglugerð (ESB) 2017/2394 sem falla undir gildissvið framkvæmdarákvörðunar 2019/2213. IM-upplýsingakerfið ætti að tryggja að aðgangur þessara aðila að IM-upplýsingakerfinu sé takmarkaður við þær aðgerðir sem þeir þurfa aðgang að til að uppfylla skyldur sínar samkvæmt þeirri reglugerð.
- 7) IM-upplýsingakerfið gerir aðilum að kerfinu kleift að hafa samband og eiga samskipti sín á milli með skipulögðum hætti. Það þýðir að nota þarf skipulögð eyðublöð fyrir skipti á og vinnslu allra upplýsinga í gegnum IM-upplýsingakerfið. Notkun þessara eyðublaða uppfyllir því allar kröfur í reglugerð (ESB) 2017/2394 um að nota stöðluð eyðublöð fyrir samskipti sem falla undir gildissvið tilraunaverkefnisins (t.d. kröfuna í 3. mgr. 13. gr. þeirrar reglugerðar).
- 8) Í 3. mgr. 35. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2394 er kveðið á um að gögn sem varða brot skuli eigi vistuð lengur í rafræna gagnasafninu en nauðsynlegt er í því skyni sem þeirra var aflað og þau unnin og í öllum tilvikum ekki lengur en í 5 ár frá lokum viðkomandi samstarfs. Því ætti IM-upplýsingakerfið að tryggja að eins og fljótt og ekki er lengur þörf á gögnum sem varða brot sé hægt að eyða gögnunum úr IM-upplýsingakerfinu og að slíkum gögnum sé í öllum tilvikum eytt eigi síðar en 5 árum eftir þann dag sem er tilgreindur í a-, b- eða c-lið annarrar undirgreinar 3. mgr. 35. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2394. Færsla um upplýsingaskiptin ætti að vera það eina sem áfram er tiltækt í IM-upplýsingakerfinu. Þetta ákvæði ætti að gilda án þess að hafa áhrif á 14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1024/2012 að svo miklu leyti sem beiting greinarinnar myndi leiða til þess að persónuupplýsingum sem vistaðar eru sem hluti af tilraunaverkefninu verði fyrir lokað eða eytt.
- 9) Samkvæmt 2. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1024/2012 skal framkvæmdastjórnin leggja úttekt á niðurstöðum tilraunaverkefnisins fyrir Evrópuþingið og ráðið. Rétt þykir að tilgreina fyrir hvaða dag skuli leggja úttektina fram. Til að tryggja samræmi ætti dagurinn sem er tilgreindur að vera sá sami og fyrir framlagningu skýrslunnar sem krafist er í 40. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2394.
- 10) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið er á fót með 24. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1024/2012.

#### SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

##### 1. gr.

#### Tilraunaverkefnið

Ákvæði 11.–23. gr. og 26. gr., 27. gr. og 28. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2394 skulu vera viðfang tilraunaverkefnis til að koma til framkvæmda þeim ákvæðum um samvinnu á sviði stjórnsýslu sem sett eru fram í þessum greinum með því að nota IM-upplýsingakerfið.

##### 2. gr.

#### Lögbær yfirvöld og aðrir aðilar að IM-upplýsingakerfinu

1. Að því er varðar tilraunaverkefnið skal líta á lögbær yfirvöld og miðlægar tengiskrifstofur sem tilnefndar eru skv. 5. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2394 og aðilana sem veitt er heimild til að gefa út utanaðkomandi viðvaranir skv. 1. mgr. 27. gr. þeirrar reglugerðar sem lögbær yfirvöld í skilningi f-liðar annarrar málsgreinar 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1024/2012.

2. Að því er varðar tilraunaverkefnið skal líta á aðilana sem veitt er heimild til að gefa út utanaðkomandi viðvaranir skv. 2. mgr. 27. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2394 og Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina í hlutverki sínu sem áheyrnarfulltrúi skv. 3. mgr. 23. gr. þeirrar reglugerðar sem aðila að IM-upplýsingakerfinu í skilningi g-liðar annarrar málsgreinar 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1024/2012.

## 3. gr.

**Samvinna á sviði stjórnsýslu**

1. Að því er varðar 11. gr. reglugerðar (ESB) nr. 2017/2394 skal IM-upplýsingakerfið einkum gefa kost á tæknilegum aðgerðum fyrir eftirfarandi:

- a) framlagningu á beiðni um upplýsingar samkvæmt þeirri grein, þ.m.t. allar meðfylgjandi upplýsingar og sönnunargögn,
- b) framsendingu beiðninnar til viðkomandi lögbærs yfirvalds,
- c) svar við beiðni um upplýsingar,
- d) tilkynningar til yfirvaldsins sem leggur fram beiðnina og framkvæmdastjórnarinnar um neitun um að verða við beiðni um upplýsingar ásamt ástæðum neitunarinnar,
- e) orðsendingar ef deilur rísa um beiðni um upplýsingar.

2. Að því er varðar 12. gr. reglugerðar (ESB) nr. 2017/2394 skal IM-upplýsingakerfið einkum gefa kost á tæknilegum aðgerðum fyrir eftirfarandi:

- a) framlagningu á beiðni um framfylgdarráðstafanir samkvæmt þeirri grein, þ.m.t. allar meðfylgjandi upplýsingar og sönnunargögn,
- b) framsendingu beiðninnar til viðkomandi lögbærs yfirvalds,
- c) tilkynningar til yfirvaldsins sem leggur fram beiðnina um skref og ráðstafanir sem gripið hefur verið til eða fyrirhugað er að grípa til sem svar við beiðninni, þ.m.t. samskipti varðandi tímafrest til að verða við beiðninni,
- d) tilkynningar til yfirvaldsins sem leggur fram beiðnina, lögbærra yfirvalda annarra aðildarríkja og framkvæmdastjórnarinnar um ráðstafanir sem gripið hefur verið til og áhrif þeirra ráðstafana,
- e) tilkynningar til yfirvaldsins sem leggur fram beiðnina og framkvæmdastjórnarinnar um neitun um að verða við beiðni um framfylgdarráðstafanir,
- f) orðsendingar ef deilur rísa um beiðni um framfylgdarráðstafanir.

3. Að því er varðar 15.–23. gr. reglugerðar (ESB) nr. 2017/2394 skal IM-upplýsingakerfið einkum gefa kost á tæknilegum aðgerðum fyrir eftirfarandi:

- a) tilkynningar um að fyrirhugað sé að hefja samræmda aðgerð,
- b) auðkenningu og tilnefningu samræmingaraðila fyrir samræmdu aðgerðina,
- c) tilkynningar um að samræmd aðgerð sé hafin,
- d) orðsendingar um fyrirhugaða þátttöku í samræmdri aðgerð,
- e) tilkynningar um niðurstöður rannsókna skv. 3. mgr. 17. gr. reglugerðar (ESB) nr. 2017/2394,
- f) orðsendingar um ákvörðun um að neita að taka þátt í samræmdri aðgerð, þ.m.t. ástæður fyrir ákvörðuninni og öll fylgiskjöl,
- g) orðsendingar um sameiginlega afstöðu til niðurstöðu rannsóknarinnar og mats á víðtæku broti,
- h) orðsendingar að því er varðar skuldbindingar innan ramma samræmdra aðgerða,
- i) orðsendingar að því er varðar framvindu samræmdu aðgerðarinnar,
- j) orðsendingar að því er varðar beiðnir um gagnkvæma aðstoð sem kunna að skipta máli fyrir samræmdu aðgerðina,
- k) orðsendingar að því er varðar samræmingu framfylgdarráðstafana,
- l) orðsendingar að því er varðar lokun samræmdu aðgerðarinnar.

4. Að því er varðar 26. gr. reglugerðar (ESB) nr. 2017/2394 skal IM-upplýsingakerfið einkum gefa kost á tæknilegum aðgerðum fyrir eftirfarandi:

- a) útgáfu viðvörunar, þ.m.t. allar viðkomandi meðfylgjandi upplýsingar og hugsanleg ábending um að fyrirhugað sé að hefja samræmda aðgerð,
- b) leiðréttingar á upplýsingum í viðvörun,
- c) afturköllun viðvörunar,
- d) beiðni um sannpröfun á því hvort sambærileg brot eigi sér stað eða hvort gripið hafi verið til framfylgdarráðstafana,
- e) svör við slíkum beiðnum,
- f) úthlutun aðsendra orðsendinga til viðeigandi lögbærra yfirvalda.

5. Að því er varðar 27. gr. reglugerðar (ESB) nr. 2017/2394 skal IM-upplýsingakerfið einkum gefa kost á tæknilegum aðgerðum fyrir eftirfarandi:

- a) útgáfu utanaðkomandi viðvörunar, þ.m.t. allar viðeigandi meðfylgjandi upplýsingar,
- b) leiðréttingar á upplýsingum í utanaðkomandi viðvörun,
- c) afturköllun utanaðkomandi viðvörunar,
- d) úthlutun aðsendra orðsendinga til viðeigandi lögbærra yfirvalda.

6. Að því er varðar 28. gr. reglugerðar (ESB) nr. 2017/2394 skal IM-upplýsingakerfið einkum gefa kost á tæknilegum aðgerðum fyrir tilkynningar um ráðstafanir sem gerðar eru til að taka á broti.

4. gr.

#### Aðgangur að aðgerðum IM-upplýsingakerfisins

IM-upplýsingakerfið skal tryggja að allir sem skv. 2. gr. teljast lögbært yfirvald eða aðrir aðilar að IM-upplýsingakerfinu að því er varðar tilraunaverkefnið skuli aðeins hafa aðgang að þeim aðgerðum í IM-upplýsingakerfinu sem þeir þurfa til að uppfylla skyldur sínar samkvæmt reglugerð (ESB) 2017/2394.

5. gr.

#### Varðveisla gagna

1. IM-upplýsingakerfið skal gefa kost á tæknilegum aðgerðum til að unnt sé að eyða öllum gögnum sem vistuð eru í IM-upplýsingakerfinu sem hluti af tilraunaverkefninu og sem varða brot um leið og viðkomandi aðilar að IM-upplýsingakerfinu gefa til kynna að ekki sé lengur þörf á þessum gögnum í því skyni sem þeirra var aflað og þau unnin. IM-upplýsingakerfið skal einnig tryggja að öllum slíkum gögnum sé í öllum tilvikum eytt eigi síðar en 5 árum eftir þann dag sem er tilgreindur í a-, b- eða c-lið annarrar undirgreinar 3. mgr. 35. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2394 fyrir viðkomandi tegund málsmeðferðar fyrir samvinnu á sviði stjórnsýslu.

2. Færsla um viðkomandi upplýsingaskipti skal vera það eina sem áfram er tiltækt í IM-upplýsingakerfinu eftir að þessum gögnum hefur verið eytt, að undanskildum öllum gögnum sem hægt er að auðkenna brotið eftir.

3. Ákvæði 1. mgr. hafa ekki áhrif á skuldbindingarnar skv. 14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1024/2012 um að loka á og eyða persónuupplýsingum sem vistaðar eru í IM-upplýsingakerfinu sem hluti af tilraunaverkefninu, að svo miklu leyti sem sú grein myndi leiða til þess að slíkum gögnum verði fyrir lokað eða eytt.

6. gr.

#### Mat

Leggja skal úttektina á niðurstöðum tilraunaverkefnisins sem krafist er í 2. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1024/2012 fyrir Evrópuþingið og ráðið eigi síðar en 17. janúar 2023.

7. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 17. janúar 2020.

Gjört í Brussel 20. desember 2019.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Ursula VON DER LEYEN

*forseti.*